



VERKLAGSREGLA
**Áhættumat og viðbragðsáætlanir vegna
bráðamengunar.**

0.VR.1.22

Útg: 1.1
Útg.dags: 03.07.2014
Bls 1 af 2
Höf: GS
Skrá: Bráðamengun

Ábyrgðarmaður: Gæðastjóri

Gildir frá: 03.07.2014
Gildir til: Ótímabundið

1. SKILGREINING Á BRÁÐAMENGUN

Bráðamengun telst það vera ef skyndilegur leki verður frá lýsis- eða olíugeymum eða óhapp verður í vinnsluferli, sem getur valdið mengun hafs og stranda og krefst tafarlausra aðgerða.

2. TILGANGUR OG UMFANG

Markmið áætlunar er að lágmarka umhverfisáhrif vegna bráðamengunar. Lýst er verklagi sem grípa þarf til ef óhapp verður, það er gert til að tryggj sé að gripið sé til réttara og fumlusra aðgerða við slíkt ástand.

3. ÁBYRGÐARSKIPTING

Starfsmenn sem verða varir við bráðamengun tilkynna það vaktformanni (verkstjóra) og hjálpa til við aðgerðir til að koma í veg fyrir frekari mengun eða tjón og aðstoða við hreinsun.

Vaktformaður (verkstjóri) tilkynnir hafnarverði um bráðamengunina og stýrir aðgerðum til að koma í veg fyrir frekari mengun. Eins tilkynnir hann atvikið til verksmiðjustjóra og/eða yfirmann landvinnslu.

Verksmiðjustjóri / yfirmaður landvinnslu tekur við stjórn af hálfu fyrirtækisins í samráði við forstjóra.

Hafnarvörður stjórnar aðgerðum í samráði við verksmiðjustjóra eða yfirmann landvinnslu og tilkynnir mengunina til opinberra aðila (Umhverfisstofnun / Heilbrigðiseftirlit Austurlands).

Gæðastjóri heldur utan um verklagsregluna og er hún vistuð í gæðakerfi fyrirtækisins og endurskoðar gæðastjóri hana í innri úttektum á gæðakerfinu og metur þá þörf á breytingum.

4. LÝSING

Verksmiðjan framleiðir fiskimjöl og lýsi úr fiski og fiskafskurði og er einnig heimil loðnuflokkun og hrognataka.

Til að minnka líkur á bráðamengun er allt frárennsli frá vinnslusvæði verksmiðjunnar tengt fitugildru og frárennsli frá ketilhúsi tengt olíuskilju. Lýsis- og olíugeymar eru staðsettir í lýsis- og olíuheldri þró með rýmd sem uppfyllir skilyrði sem fram koma í starfsleyfi verksmiðjunnar. Telst því hætta á bráðamengun á móti líkum á óhappi vera ólíkleg, afleiðing óveruleg og áhætta óveruleg.



VERKLAGSREGLA
**Áhættumat og viðbragðsáætlanir vegna
bráðamengunar.**

0.VR.1.22

Útg: 1.1

Bls 2 af 2

Viðbragðsáætlun varðandi verkferla við bráðamengun er aðgengileg öllum starfsmönnum. Þar koma fram símanúmer tengiliða, verklag við tilkynningu og aðgerðir sem nota má til þess að afstýra frekari mengun.

5. TRYGGINGAR VEGNA BRÁÐAMENGUNAR

Verksmiðjur SVN eru með ábyrgðatryggingu allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. greinar laga nr. 33/2004.

6. FYLGISKJÖL

6.1. Viðbragðsáætlanir með tengiliðum og símanúmerum

Viðbragðsáætlun fyrir SVN Neskaupstað dagsett 23.06.2014

Viðbragðsáætlun fyrir SVN Seyðisfirði dagsett 23.10.2013

Viðbragðsáætlun fyrir SVN Helguvík dagsett 03.10.2013

6.2. Viðbrögð vegna bráðamengunar með verkferlum

Viðbrögð vegna bráðamengunar SVN Neskaupstað dagsett 23.06.2014

Viðbrögð vegna bráðamengunar SVN Seyðisfirði dagsett 23.10.2013

Viðbrögð vegna bráðamengunar SVN Helguvík dagsett 03.10.2013

7. UMHVERFISSTEFNA SÍLDARVINNSLUNNAR

Síldarvinnslan hefur það að markmiði að starfa í sem bestri sátt við umhverfi sitt.

Stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna og bættri umgengni við auðlindina.

Stefna Síldarvinnslunnar er að hámarka nýtingu á hráefni og orku.

Markvisst er stefnt að því að auka notkun umhverfisvænnar orku, að stuðla að umhverfisvænum rekstri á öllum stigum framleiðslunnar og framleiða heilnæmar gæðaaafurðir.

Síldarvinnslan framleiðir ekki afurðir úr erfðabreyttum hráefnum.